

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Jöldugróf 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 1. mars 2019, breytingu á deiliskipulagi Blesugrófar vegna lóðarinnar nr. 6 við Jöldugróf. Í breytingunni felst að færa byggingarreit bílskúrs á norðausturhluta lóðar og færa byggingarreit húss að hluta til suðvesturs og lítilla til norðausturs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fossaleynismýri.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 8. mars 2019, breytingu á deiliskipulagi Fossaleynismýrar. Í breytingunni felst m.a. að gert er ráð fyrir nýrri lóð norðan við lóð Fossaleynis 17 fyrir færanlegt bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsemi meðferðarheimilisins Stuðla. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Alþingisreitir.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 6. mars 2019, breytingu á deiliskipulagi Alþingisreits. Í breytingunni felst tengingangur á milli Skála (Kirkjustræti 12) og nýbyggingar á horni Vonarstrætis og Tjarnargötu, skarð í nýbygginguna að Vonarstræti er stækkað og lóðarmörk vestan Vonarstrætis 10 eru færð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Austurbakki 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 13. mars 2019, breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna lóðarinnar nr. 2 við Austurbakka. Í breytingunni felst að byggingarreitur 6 er stækkaður um u.þ.b. tvo metra og leyfilegt byggingarmagn í kjallara á reit 6 fyrir almenna notkun er aukið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Norðurbrún 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. febrúar 2019, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 2 við Norðurbrún. Í breytingunni felst að rífa núverandi verslunarhús, byggja nýtt íbúðarhús með verslun að hluta til á 1. hæð, húsin verða tvær hæðir og kjallari með verslun og þjónustu á götuhæð og íbúðum á 1. og 2. hæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 21. mars 2019.

Björn Axelsson.